# Árshlutareikningur 30. september 2016

Kynning fyrir fjárfesta
16. nóvember 2016



Arion banki

# ARION BANKI

## ARION BANKI VEITIR ALHLIÐA FJÁRMÁLAÞJÓNUSTU

### Viðskiptabanki

- ~ 30% markaðshlutdeild
- Stærsti lánveitandi íbúða-lána á eftir Íbúðalánasjóði
- Fjölbreytt fjármálaþjónusta fyrir einstaklinga og lítil og meðalstór fyrirtæki
- Áhersla á hraðþjónustu – app og netbanka

### Eignastýring

- Í forystu á sviði eignastýringar
- Eignir í stýringu nærri jafn miklar og efnahagur bankans
- Þjónustar fagfjárfesta og efnameiri einstaklinga

### Fjárfestingarbanki

- Alhliða fjárfestingar-bankaþjónusta
- Leiðandi í markaðs-viðskiptum og fyrirtækjaráðgjöf
- Umsjón með öllum kauphallarskráningum ársins 2015 á Íslandi

### Fyrirtækjabanki

- Þjónustar mörg af stærstu fyrirtækjum landsins
- Veitir sérsniðna þjónustu að þörfum viðskiptavina
- Lánveitingar til erlendra fyrirtækja í sjávarútvegi og tengdum greinum

Arion banki – fyrir framtíðina

# DÓTTURFÉLÖG GEGNA MIKILVÆGU HLUTVERKI

ARION BANKI VEITIR ALHLIÐA FJÁRMÁLAÞJÓNUSTU

VALITOR

- Leiðandi á sviði færsluhirðingar og kortaútgáfu
- Með starfsemi á Íslandi, í Danmörku og í Bretlandi
- Hluti af VISA Europe og MasterCard International

okkar

- Leiðandi á sviði líftrygginga
- Áhersla á einstaklings-miðaða þjónustu
- Samstarf á sviði sölumála við Arion banka

STEFNIR

- Stærsta sjóðastýringar-fyrirtæki landsins
- Þjónustar einstaklinga og fagfjárfesta
- Stýrir fjölbreyttu úrvali verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestasjóða

vörður

- Vörður er fjórða stærsta skaða-tryggingafélag landsins með ríflega 10% markaðshlutdeild
- Arion banki gekk frá kaupum á Verði í lok september í kjölfar samþykkis eftirlitsaðila

# HELSTU ATBURÐIR FYRSTU 9 MÁNUÐI ÁRSINS 2016

## TRAUSTUR REKSTUR

### Aukin eftirspurn eftir lánsfé

- Vaxtatekjur aukast nokkuð vegna hærra vaxtastigs og aukinna vaxtaberandi eigna
- Lánveitingar til fyrirtækja aukast um 7% og eftirspurn eftir lánum er umtalsverð
- Sala Valitor á hlut félagsins í Visa Europe Ltd. til Visa Inc. hefur jákvæð áhrif á uppgjör bankans
- Þóknanatekjur dragast saman, einkum vegna færri skráninga í kauphöll
- Aukinn launakostnaður vegna kjarasamninga, fjölgunar starfsfólks hjá bankanum og dótturfélögum og uppsagna í september
- Arion banki valinn besti fjárfestingarbankinn á Íslandi árið 2016 af fjármálatímaritinu Euromoney

### Önnur stóra skuldabréfaútgáfan í evrum

- Gefið var út skuldabréf í eigu Kaupþings í janúar í USD að andvirði 97 milljarða króna – liður í að liðka fyrir afnámi gjaldeyrishafta
- Í apríl fór fram önnur skuldabréfaútgáfa bankans í evrum til breiðs hóps fjárfesta að fjárhæð 300 millj. evra, sem samsvarar um 42 milljörðum króna
- 31 milljarður króna var í kjölfarið greiddur inn á skuldabréf Kaupþings frá því í janúar
- Útgáfa sértryggðra skuldabréfa í ISK á tímabilinu nam 20,4 milljörðum króna
- Víkjandi lán frá Seðlabankanum var greitt upp að fullu í lok tímabilsins

EUROMONEY AWARDS FOR EXCELLENCE 2016



Arion banki – fyrir framtíðina

# HELSTU ATBURÐIR FYRSTU 9 MÁNUÐI ÁRSINS 2016

## FJÖLBREYTTARA VÖRUFRAMBOÐ – LÁNSHÆFISMAT HELDUR ÁFRAM AÐ HÆKKA

### Viðskiptahraðlar á fullri ferð

- Startup Reykjavík fór fram í fimmta sinn í sumar og Startup Energy Reykjavík fer nú fram í þriðja sinn
- Startup Reykjavík valinn besti viðskiptahraðallinn á Íslandi 2016 af Nordic Startup Awards

### Vörður verður dótturfélag bankans

- Arion banki hefur eignast tryggingafélagið Vörð
- Vörður er fjórða stærsta tryggingafélag landsins með um 10% markaðshlutdeild
- Skaðatryggingar bætast þar með við vöru- og þjónustuframboð bankans

### Lánshæfismat hækkar

- Standard & Poor´s hækkar lánshæfismat Arion banka úr BBB-/A-3 í BBB/A-2 með jákvæðum horfum
- S&P horfir til bættrar eiginfjárstöðu bankans, bætts aðgengis að erlendum lánsfjármörkuðum og jákvæðra þátta í efnahagslegu umhverfi bankans

STANDARD & POOR'S RATINGS SERVICES
McGRAW HILL FINANCIAL

vörður



Arion banki – fyrir framtíðina

# HELSTU ATBURÐIR FYRSTU 9 MÁNUÐI ÁRSINS 2016

## NÝTT ÚTIBÚ Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI

### Nýtt útibú á Keflavíkurflugvelli

- Útibú opnað í Flugstöð Leifs Eiríkssonar þar sem áhersla er á gjaldeyrisþjónustu og þjónustu vegna endurgreiðslu virðisaukaskatts
- Þrjár afgreiðslur eru í flugstöðinni og 13 hraðbankar

### Lántökugjald íbúðalána lækka

- Lántökugjald íbúðalána verður föst upphæð – umtalsverð lækkun fyrir flesta
- Áður var lántökugjaldið hlutfall af lánsupphæðinni
- Áfram 100% afsláttur af lántökugjöldum við fyrstu íbúðakaup

### Stafræn þjónusta

- Ný og fljótleg leið kynnt til sögunnar til að stofna til bankaviðskipta á netinu
- Viðskiptavinir bankans hafa fengið nýtt debetkort með snertilausri tækni – Visa Debit
- Tilkynnt að auðkennislyklar séu á útleið við innskráningu í netbanka, rafræn skilríki og sms auðkenning koma í staðinn



# HELSTU ATRIÐI 3F 2016

## GÓÐUR UNDIRLIGGJANDI REKSTUR Á FJÓRÐUNGNUM

**Arðsemi eigin fjár**
**14,4%**
3F 2015: 14,2%

**Hreinar vaxtatekjur**
**7.432 m.kr.**
3F 2015: 7.112 m.kr.

**Hagnaður**
**7.503 m.kr.**
3F 2015: 6.071 m.kr.

**Kostnaðarhlutfall**
**57,8%**
3F 2015: 43,1%

- Hrein virðisbreyting er jákvæð vegna endurmats yfirtekinna íbúðalána
- Hreinar fjármunatekjur voru jákvæðar vegna hagstæðari skilyrða á hlutabréfamörkuðum á þriðja ársfjórðungi í samanburði við fyrri árshelming 2016
- Rekstrarkostnaður er hár á þriðja ársfjórðungi, einkum vegna aðkeyptrar sérfræðiráðgjafar og kostnaðar vegna uppsagna starfsmanna í 46 stöðugildum í lok fjórðungsins
- Hreinar vaxtatekjur og hreinar þóknanatekjur aukast á þriðja ársfjórðungi samanborið við sama tímabil á síðasta ári, þrátt fyrir breytingar á fjármögnun bankans og aukna samkeppni

# LYKILTÖLUR 9M 2016

| Rekstur | Fjárhagur | Starfsemi | Gæði eigna |
|---|---|---|---|
| Hagnaður<br>17.262 m.kr.<br>9M 2015:<br>25.397 m.kr. | Eiginfjár-þáttur A<br>25,5%<br>31.12.2015:<br>23,4% | Kostnaðar-hlutfall<br>56,7%<br>9M 2015:<br>38,4% | Vandræðalán<br>2,0%<br>31.12.2015:<br>2,5% |
| Arðsemi eigin fjár<br>11,2%<br>9M 2015:<br>19,8% | Vogunar-hlutfall<br>17,4%<br>31.12.2015:<br>16,7% | Stöðugildi<br>1.189<br>31.12.2015:<br>1.147 | Íbúðalán / Heildar útlán<br>39,2%<br>31.12.2015:<br>39,4% |



Arion banki
– fyrir framtíðina



# REKSTRARREIKNINGUR

Arion banki

# REKSTRARREIKNINGUR

Fjárhæðir í milljónum króna

## JÁKVÆÐ VIRÐISBREYTING Á ÚTLÁNUM TIL VIÐSKIPTAVINA

- 9% aukning í hreinum vaxtatekjum milli ára
- Lækkun í hreinum þóknana-tekjum, einkum vegna minni umsvifa á fjárfestingarbanka-sviði í tengslum við skráningar á markað í samanburði við sama tímabil 2015
- Hreinar fjármunatekjur eru jákvæðar á 3F að mestu vegna skráðra hlutabréfa en er undir væntingum á 9M
- Hækkun á launum einkum vegna kjarasamninga og kostnaðar við uppsagnir. Hækkun á öðrum rekstrar-kostnaði má að hluta rekja til aðkeyptrar sérfræðiráðgjafar
- Jákvæð virðisbreyting á útlánum vegna endurmats á íbúðalánum

| | 9 mán. '16 | 9 mán. '15 | Breyt. | 3F 2016 | 2F 2016 | Breyt. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Hreinar vaxtatekjur | 22.058 | 20.287 | 9% | 7.432 | 7.353 | 1% |
| Hreinar þóknanatekjur | 10.213 | 10.726 | (5%) | 3.466 | 3.527 | (2%) |
| Hreinar fjármunatekjur | 4.339 | 10.176 | (57%) | 844 | 3.796 | - |
| Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélaga | 710 | 6.956 | (90%) | 16 | 18 | (11%) |
| Aðrar rekstrartekjur | 2.642 | 2.232 | 18% | 781 | 626 | 25% |
| **Rekstrartekjur** | **39.962** | **50.377** | **(21%)** | **12.539** | **15.320** | **(18%)** |
| Laun og launatengd gjöld | (12.252) | (10.320) | 19% | (3.826) | (4.318) | (11%) |
| Annar rekstrarkostnaður | (10.393) | (9.016) | 15% | (3.423) | (3.736) | (8%) |
| Bankaskattur | (2.190) | (2.168) | 1% | (705) | (743) | (5%) |
| Hrein virðisbreyting | 6.827 | (114) | - | 5.882 | 1.448 | - |
| **Hagnaður fyrir skatta** | **21.954** | **28.759** | **(24%)** | **10.467** | **7.971** | **31%** |
| Tekjuskattur | (5.261) | (3.639) | 45% | (3.170) | (1.354) | 134% |
| Afkoma af aflagðri starfsemi eftir skatt | 569 | 277 | 105% | 206 | 259 | (20%) |
| **Hagnaður tímabilsins** | **17.262** | **25.397** | **(32%)** | **7.503** | **6.876** | **9%** |

Arion banki – fyrir framtíðina

# REIKNUÐ AFKOMA

Fjárhæðir í milljónum króna

## MIKIÐ AF EINSKIPTISLIÐUM Í REKSTRI BANKANS

| | 9M 2016 | Breyting | Reiknað | |
|---|---|---|---|---|
| Hreinar vaxtatekjur | 22.058 | 555 | 22.613 | 1) |
| Hreinar þóknanatekjur | 10.213 | 69 | 10.282 | |
| Hreinar fjármunatekjur | 4.339 | (4.839) | (500) | 2) |
| Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélaga | 710 | (498) | 212 | 3) |
| Aðrar rekstrartekjur | 2.642 | (277) | 2.365 | 4) |
| **Rekstrartekjur** | **39.962** | **(4.990)** | **34.972** | |
| Laun og launatengd gjöld | (12.252) | 320 | (11.932) | 5) |
| Annar rekstrarkostnaður | (10.393) | 1.037 | (9.356) | 5) |
| Bankaskattur | (2.190) | 0 | (2.190) | |
| Hrein virðisbreyting | 6.827 | (9.864) | (3.037) | 6) |
| **Hagnaður fyrir skatta** | **21.954** | **(13.497)** | **8.457** | |
| Tekjuskattur | (5.261) | 1.938 | (3.323) | 7) |
| Afkoma af aflagðri starfsemi eftir skatta | 569 | 0 | 569 | |
| **Hagnaður tímabilsins** | **17.262** | **(11.559)** | **5.703** | |

Helstu breytingar:

1) Vaxtatekjur frá dótturfélögum í ótengdri starfsemi teknar út og vaxtatekjur reiknaðar á bókfært verð annarra eigna í ótengdri starfsemi
2) Hagnaður af sölu Visa Europe og gengistap af viðskiptum við Seðlabankann í aflandskrónuútboði
3) Hagnaður af sölu Bakkavarar Group
4) Hagnaður af sölu eigna í Landey
5) Kostnaður við uppsagnir á 3F, hluti aðkeyptrar sérfræðiþjónustu auk reiknaðs kostnaðar við ótengda starfsemi
6) Öll hrein virðisbreyting útlána færð út og 0,58% virðisrýrnun reiknuð á heildar útlán til viðskiptavina
7) Tekjuskattsáhrif á reiknaðar breytingar

Arion banki
– fyrir framtíðina

# REIKNUÐ AFKOMA

Fjárhæðir í milljörðum króna

## HÆKKANDI EIGIÐ FÉ HEFUR ÁHRIF Á ARÐSEMI

- Eigið fé sem notað er til útreiknings á arðsemi í reglulegri starfsemi hefur aukist um 48% frá 2013
- Lakari afkomu 2016 má einkum rekja til lægri fjármunatekna af verðbréfaeign
- Vaxtamunur er stöðugur
- Jákvæð þróun í hreinum vaxtatekjum og hreinum þóknanatekjum endurspeglar sterkan tekjugrunn bankans
- Einskiptis kostnaður að miklu leyti vegna uppsagna í lok september og aðkeyptrar sérfræðiþjónustu
- Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki er talinn hluti af áframhaldandi starfsemi þar sem yfirvöld hafa boðað að hann verði innheimtur næstu fjögur árin


















* Rekstrartekjur 9M 2016 eru reiknaðar upp m.v. ársgrundvöll vegna samanburðar

Arion banki – fyrir framtíðina

# HREINAR VAXTATEKJUR

Fjárhæðir í milljörðum króna

## VAXTABERANDI EIGNIR AUKAST

- Stöðugan vaxtamun má rekja til ábyrgrar stefnu í útlánum og virkrar lausa-fjárstýringar
- Sveiflur í bæði vaxtatekjum og vaxtagjöldum á árinu eru fyrst og fremst vegna breytinga á verðbólgu
- Vaxtaberandi eignir hækka um 62 ma.kr. frá árslokum 2015 sem er um 6% af heildar eignum
- Skörp hækkun vaxtagjalda af annarri fjármögnun vegna nýrrar skuldabréfaútgáfu bæði innanlands og á alþjóðlegum mörkuðum










Arion banki – fyrir framtíðina

# HREINAR ÞÓKNANATEKJUR

Fjárhæðir í milljörðum króna

## STERKUR ÞÓKNANAGRUNNUR Á FLESTUM SVIÐUM

- Hreinar þóknanatekjur stöðugar, lítilsháttar hækkun frá 3F 2015
- Góður árangur viðskiptabankasviðs og áhrif af nýju útibúi í Leifsstöð komin inn í aðrar þóknanatekjur
- Vöxtur á veltu í erlendri starfsemi heldur áfram hjá Valitor en samkeppni og sveiflur á gjaldeyri hafa áhrif

Skipting á hreinum þóknanatekjum 9M 2016




Hreinar þóknanatekjur



# HREINAR FJÁRMUNATEKJUR

Fjárhæðir í milljörðum króna

## SÖLUHAGNAÐUR AF VISA EUROPE HEFUR MIKIL ÁHRIF

- Aukningu í bæði skráðum skulda- og hlutabréfum má fyrst og fremst rekja til yfirtökunnar á tryggingafélaginu Verði í lok september
- Þróun á íslenskum hlutabréfamarkaði var óhagstæð á 9M 2016. OMXI8 lækkaði um 12,4% á tímabilinu
- Krónan hélt áfram að styrkjast á tímabilinu sem skilaði nokkru gengistapi í dótturfélögum









# REKSTRARKOSTNAÐUR

**Fjárhæðir í milljörðum króna**

## KJARASAMNINGAR HAFA MIKIL ÁHRIF BÆÐI BEINT OG ÓBEINT

- Aukning í launum og launatengdum gjöldum vegna nýrra kjarasamninga og kostnaðar við uppsagnir í lok september
- Aðkeypt sérfræðiþjónusta, markaðskostnaður og kostnaður við upplýsingatækni eykst verulega í samanburði við fyrra ár
- Kostnaðarhlutfall er sveiflukennt ekki síst vegna stórra einskiptis tekjuliða










* Kostnaðarhlutfall (Laun og launatengd gjöld og annar rekstrarkostnaður/rekstrartekjum)

# EFNAHAGSREIKNINGUR



# EFNAHAGSREIKNINGUR

Fjárhæðir í milljörðum króna

## STERKUR EFNAHAGUR

- Hækkun á útlánum jafnast að hluta til á móti styrkingu krónunnar
- Aukning á verðbréfaeign frá miðju ári að mestu vegna kaupanna á Verði
- Stöðugri innlánagrunnur eftir afléttingu hafta og í kjölfar samnings um fjármögnun við Kaupþing ehf.
- Víkjandi lán frá íslenska ríkinu greitt upp í lok 3F
- Sterk lausafjár- og eiginfjárstaða

| **Eignir** | **30.09.2016** | **30.06.2016** | **2015** | **2014** | **2013** |
|---|---|---|---|---|---|
| Sjóður og innstæður hjá Seðlabanka Íslands | 86 | 77 | 48 | 21 | 38 |
| Útlán til lánastofnana | 68 | 86 | 87 | 109 | 102 |
| Útlán til viðskiptavina | 716 | 713 | 680 | 648 | 636 |
| Verðbréfaeign | 128 | 121 | 133 | 102 | 87 |
| Fjárfestingareignir | 5 | 6 | 8 | 7 | 29 |
| Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum | 1 | 1 | 27 | 22 | 18 |
| Aðrar eignir | 34 | 31 | 27 | 26 | 30 |
| **Eignir samtals** | **1.038** | **1.035** | **1.011** | **934** | **939** |

| **Skuldir og eigið fé** | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Innlán lánastofnana og Seðlabanka Íslands | 9 | 8 | 11 | 23 | 28 |
| Innlán frá viðskiptavinum | 432 | 423 | 469 | 455 | 472 |
| Aðrar skuldir | 63 | 56 | 62 | 61 | 58 |
| Lántaka | 327 | 330 | 256 | 201 | 205 |
| Víkjandi skuldir | - | 10 | 10 | 32 | 32 |
| Eigið fé | 207 | 199 | 193 | 161 | 140 |
| Hlutdeild minnihluta | 0 | 10 | 9 | 2 | 5 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | **1.038** | **1.035** | **1.011** | **934** | **939** |

Arion banki
– fyrir framtíðina

# LÁN TIL VIÐSKIPTAVINA

Fjárhæðir í milljörðum króna

## AUKNING ÚTLÁNA OG GÆÐI AUKAST

- Áfram gott jafnvægi milli lána til fyrirtækja og einstaklinga
- Aukning í útlánum til viðskiptavina einkum til fasteignafélaga, fyrirtækja í iðnaði, orkuvinnslu og framleiðslu og heildsölu og smásölu
- Áhrif aukningar útlána mildast að hluta vegna styrkingar krónunnar á móti erlendum gjaldmiðlum
- Mikil eftirspurn eftir útlánum til fyrirtækja
- Góð dreifing milli atvinnugreina í útlánum til fyrirtækja










Arion banki – fyrir framtíðina

# SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

Fjárhæðir í milljörðum króna

## VÍKJANDI LÁN GREITT UPP

- Í janúar var gert samkomulag við Kaupþing ehf. um fjármögnun þar sem innstæðum í erlendum gjaldmiðlum hjá Arion banka og lánum í erlendri mynt hjá Seðlabanka var breytt í 7 ára EMTN skuldabréf í USD. Heildar fjárhæðin var 748 millj. USD en 252 millj. USD voru fyrirframgreiddar í apríl
- Í apríl gaf bankinn út nýtt 3ja ára skuldabréf að fjárhæð 300 millj. evra, um 42 milljarðar króna
- Bankinn gaf út sértryggð skuldabréf að fjárhæð 20,4 milljarða króna á tímabilinu
- Í lok september fyrirfram-greiddi bankinn að fullu víkjandi lán frá íslenska ríkinu










Arion banki – fyrir framtíðina

# EIGIÐ FÉ

Fjárhæðir í milljörðum króna

## STERK EIGINFJÁRSTAÐA

- Sterk eiginfjárstaða vegna góðrar arðsemi á undanförnum árum
- Eiginfjárþáttur 1 minnkar milli tímabila vegna lækkunar á hlutdeild minnihluta
- Áhættuvegnar eignir lækka frá áramótum vegna lækkunar á lánsloforðum og lægri gjaldeyris-ójafnaðar
- Víkjandi lán myndaði eiginfjárþátt 2 fram til 30. júní s.l. Það var greitt upp í lok september
- Með gildistöku Basel III þann 30. september telst almenn niðurfærsla bankans sem eigið fé þáttar 2










Arion banki
– fyrir framtíðina

# EIGIÐ FÉ

## EIGINFJÁRUPPBYGGING OG KRÖFUR (%)




- CRDIV/CRR hefur verið innleidd í íslensk lög. Stærstu áhrifin eru þau að almenn niðurfærsla bankans flokkast nú sem eiginfjárþáttur 2

- Á 4F 2017 þá munu samanlagðar kröfur um eiginfjárauka vera 8,4%. Fjármálastöðugleikaráð hefur mælst til þess við löggjafann að sveiflujöfnunaraukinn verði hækkaður úr 1,00% í 1,25%. Breytingin tæki gildi eftir 12 mánuði

- Niðurstaða könnunar og matsferlis (e. SREP) gefur til kynna kröfu um 20,7% eigið fé, að meðtöldum eiginfjáraukum þegar þeir hafa verið innleiddir að fullu

- Að teknu tilliti til 1,5% stjórnendaauka var viðbótar eigið fé bankans um 30 ma.kr. þann 30. september 2016




Arion banki – fyrir framtíðina

# SJÓÐSTREYMI

Fjárhæðir í milljörðum króna

## GÓÐUR AÐGANGUR AÐ FJÁRMÖGNUN STUÐLAR AÐ LÁNAVEXTI




- Gengið var frá kaupum á tryggingafélaginu Verði fyrir 5,3 ma.kr. á tímabilinu. Kaupin eru flokkuð sem fjárfestingarhreyfing
- Miklar breytingar án sjóðstreymisáhrifa vegna samnings um fjármögnun við Kaupþing ehf. í upphafi árs
- Fjármögnunarhreyfingar eru annars vegar 9 ma.kr. uppgreiðsla á víkjandi láni og hins vegar 9 ma.kr. greiðsla til eigenda minnihluta í BG 12 slhf.

Arion banki – fyrir framtíðina




# HORFUR OG KENNITÖLUR

Arion banki

# HORFUR

- Spennandi en krefjandi tímar framundan í góðu efnahagsumhverfi
- Í kjölfar kaupa á tryggingafélaginu Verði er Arion banka samstæðan með fjölbreyttasta vöruframboðið í íslenskri fjármálaþjónustu
  - Samþætting á vöruframboði bankans og Varðar verður verkefni næstu missera
- Lausafjárstaða Arion banka er góð
  - Mikil eftirspurn er eftir lánsfé til fyrirtækja og ný útlán meiri í ár en á sama tíma í fyrra
  - Mikil samkeppni er á markaði fyrir íbúðalán í kjölfar stóraukinna umsvifa lífeyrissjóða, sem lækkar hlutdeild einstaklingslána í lánasafni bankans
- Markvisst unnið að aukinni fjölbreytni í fjármögnun bankans og mun áfram verða haldið á þeirri braut. Bætt lánshæfismat bankans nú í október hefur mjög jákvæð áhrif

- Sterk eiginfjárstaða gerir Arion banka vel undirbúinn til að takast á við framtíðaráskoranir
- Bankinn leggur aukna áherslu á stafræna framtíð með það að markmiði að auka tekjur og lækka rekstrarkostnað
- Í ljósi áframhaldandi jákvæðrar þróunar íslensks efnahagslífs meta nú Arion banki og Kaupþing, sem er meirihlutaeigandi Arion banka, þá möguleika sem fyrir hendi eru varðandi eignarhlut Kaupþings í bankanum
  - Almennt hlutafjárútboð er meðal þeirra kosta sem verið er að skoða, en rétt er að taka fram að engin ákvörðun hefur verið tekin varðandi framkvæmdina, tiltekin viðskipti eða tímasetningu

# HELSTU KENNITÖLUR

Arðsemi eiginfjár (%)




Kostnaðarhlutfall (%)




Vaxtamunur (%)




Vandræðalán* (%)




Hlutfall lána á móti innlánum (%)
Án lána sem fjármögnuð eru með sértryggðum skuldabréfum




Hlutfall eiginfjárþáttar A (%)




Lausafjárhlutfall (LCR) (%)




Heildar niðurfærð lán / Heildar lán (%)




* Vandræðalán (lán í yfir 90 daga vanskilum en ekki niðurfærð + lán með sértækri niðurfærslu) sem hlutfall af útlánum til viðskiptavina

# HELSTU KENNITÖLUR

Arðsemi eiginfjár (%)




Kostnaðarhlutfall (%)




Vaxtamunur (%)




Verðtryggingarjöfnuður (ma.kr.)




Gjaldeyrisójöfnuður (ma.kr.)




Áhættuvegnar eignir / heildareignir (%)






Arion banki – fyrir framtíðina

# ÞRÓUN LYKIL MÆLIKVARÐA

**Fjárhæðir í milljörðum króna**















Arion banki
– fyrir framtíðina




Arion banki

# Fyrirvari

- Kynning þessi er eingöngu ætluð til upplýsinga og er ekki ætluð sem grundvöllur fyrir ákvörðunum móttakanda. Upplýsingar sem fram koma í þessari kynningu fela ekki í sér loforð eða spá um framtíðina. Bankanum ber ekki skylda til að útvega móttakanda aðgang að frekari upplýsingum en þeim sem fram koma í kynningu þessari, eða til að uppfæra þær upplýsingar sem þar koma fram. Bankanum ber ekki skylda til að leiðrétta upplýsingar, reynist þær rangar.
- Upplýsingar um bankann, dótturfélög og hlutdeildarfélög hafa ekki verið staðfestar. Kynning þessi felur ekki í sér tæmandi upplýsingar um bankann, dótturfélög eða hlutdeildarfélög hans.
- Upplýsingar sem fram koma í kynningu þessari eru byggðar á fyrirliggjandi upplýsingum, áætlunum um væntanlega þróun ytri skilyrða o.fl. Eru upplýsingarnar háðar ýmsum óvissuþáttum og geta þær breyst án fyrirvara.
- Bankinn, þ.m.t. hluthafar, stjórnendur, starfsmenn og ráðgjafar þeirra, taka enga ábyrgð á þeim upplýsingum, forsendum og niðurstöðum sem fram koma í kynningunni eða upplýsingum sem eru veittar í tengslum við hana. Munu framangreindir aðilar ekki gefa yfirlýsingar um að upplýsingarnar, forsendurnar og niðurstöðurnar séu nákvæmar, áreiðanlegar eða fullnægjandi og þeir skulu ekki bera skaðabótaábyrgð á tjóni sem rekja má til þess að þær reynist ónákvæmar, óáreiðanlegar eða ófullnægjandi.
- Móttaka þessarar kynningar skal ekki talin fela í sér fjárfestingarráðgjöf af hálfu bankans.
- Með móttöku þessarar kynningar fellst móttakandi á framangreindan ábyrgðarfyrirvara.